



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

24. fundur skólanefndar - 29. janúar 2026

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Fundarsetning

Vilborg Ástráðsdóttir, formaður skólanefndar, setti fund kl. 15:00 og bauð fólk velkomið. Hún spurðist fyrir um það hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðið. Svo var ekki.

Á fundinn voru mætt: Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Ingvar Hjálmarsson, Guðmundur Finnbogason, Elvar Már Svansson, Sýlvía Karen Heimisdóttir og Bjarni Másson í forföllum Sigríðar Bjarkar Marinósdóttur.

Anna María Flygenring og Gestur Einarsson boðuðu forföll og ekki tókst að fá varamenn.

2. Málefni Félagsmiðstöðvarinnar Ztart - Skýrsla forstöðumanns

Elvar Már Svansson, forstöðumaður Ztart lagði fram skýrslu sína um starfið frá síðasta skólanefndarfundi.

Mjög góð og fjölbreytt dagskrá var í félagsmiðstöðinni í nóvember, desember og janúar. Haldin voru leikjakvöld, keppnir, bío, karioke og fleiri skapandi viðburðir.

Met mæting var í vöflukaffi þar sem gestir frá Flúðaskóla komu í Ztart. Kertagerð sem var haldin í desember sló líka í gegn og verður hún endurtekin í febrúar. Miðstigið mætti betur í félagsmiðstöðina í janúar heldur en Unglingastigið. Veikindi kann að hafa haft áhrif. Nemendur hafa einnig samið tónlist og tekið upp með tækjum sem eru til staðar. Forstöðumaður finnst krakkarnir hafa tekið sér og Hólmfríði vel í starfinu og að þau séu ánægð með fyrirkomulagið.

Stefnt er að því að halda fund um mögulegan akstur í Brautarholt eftir lokun í Ztart til þess að gefa færi á því að auka þátttöku barna. Þá telur forstöðumaður að gott væri að lengja opnunartímann hjá miðstigi til kl. 17:00 og fyrir unglingastigið til kl. 20:00. Það er ljóst að börnin vilja vera lengur í félagsmiðstöðinni. Starfsmenn hennar hafa á tilfinningunni að þau séu að ýta börnunum út og greinilegt er að unglingarnir hafi þörf fyrir hittast og þá aðeins lengur í hvert sinn. Kaupa mætti tvo píluskápa í Ztart til þess að nemendur geti æft sig í pílukasti.

Umræður urðu um málið.

3. Málefni Þjósárskóla - Reglur um frístund

Sýlvía Karen Heimisdóttir kynnti reglur vegna frístundar í Þjósárskóla.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd samþykkir fram lagðar reglur fyrir frístund í Þjósárskóla og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Ingibjörg María Guðmundsdóttir kom inn á fund kl. 15:09.

4. Málefni Þjósárskóla – Skýrsla skólastjóra

Guðmundur Finnbogason, skólastjóri, lagði fram skýrslu um starfið í Þjósárskóla frá síðasta skólanefndarfundi.

Þar kemur meðal annars fram að skólastarf hafi verið fjölbreytt í desember og janúar. Starfsmannasamtöl voru kláruð með góðum árangri og endurspegla þau góðan starfsanda og ánægju með skólann. Verknámshúsið hefur verið tekið í fulla notkun og er almenn ánægja meðal kennara og nemenda með aðstöðuna, þótt enn eigi eftir að full ganga frá hluta rýmisins. Undirbúningur jóla gekk vel. Litlu jólin og jóladagur voru haldin með fjölbreyttum verkefnum sem styrkja skólabrag og samveru nemenda.

Skólastjóri sótti námskeið um Heillaspor, sem fjallar um heildræna og tengslamiðaða nálgun á inngildingu í skólastarfi. Áhersla verður lögð á að kynna hugmyndafræðina fyrir starfsfólki og ræða mögulega innleiðingu á næsta skólaári. Unnið hefur verið markvisst með skólastefnuna og vörður hennar á starfsmannafundum þar sem þær eru tengdar starfi skólans. Undirbúningur skóladagatala fyrir næsta skólaár er hafinn í samráði við starfsfólk skólans, nemendur og nágrannaskólana.

Samstarf grunnskólans og leikskólans er öflugt og væntanlegir nemendur í fyrsta bekk fá góða aðlögun með heimsóknum í Þjósárskóla. Kynnt var skýrsla um úttekt á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) þar sem fram koma tillögur til að bæta starfsemina. Samstarf við SVÁ hefur gengið vel en mikil þörf er fyrir stuðning frá náms- og starfsráðgjafa. Þjósárskóli leggur mikla áherslu á það að viðkomandi náms- og starfsráðgjafi sinni skólanum þó hér sé ekki ennþá starfandi 10. bekkur. Stuðningur við námsráðgjöf og námstækni er nauðsynlegur, ásamt því að veita félagslegan stuðning við nemendur sem t.d. fást við kvíða og skólaforðun.

Tölvubúnaður nemenda var endurnýjaður í janúar. Þeim verður hægt að stjórna í gegnum netið, setja þær upp og uppfæra frá miðlægum stað í gegnum Google for education. Lionsklúbburinn Dynkur styrkti skólann rausnarlega með tækjum til notkunar í textíl- og myndmenntakennslu. Þjósárskóli þakkar kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf og þá velvild sem samfélagið hefur sýnt skólanum.

Nemendur á yngsta stigi munu gista í skólanum í dag. Með því er unnið að því að þjálfa nemendur í að gista. Miðstig er einnig að undirbúa gistingu í skála í mars næstkomandi.

Skólastjórnendur uppsveitanna hafa fundað reglulega. Á síðasta fundi óskaði Þjósárskóli eftir því að rætt yrði um smíðjur og fyrirkomulag þeirra. Þar var ákveðið að halda fyrirkomulaginu eins og það var í ár.

Í skýrslu skólastjóra er einnig greint frá áherslum í lestri og úrbótum sem tilheyra skólapulsi. Í haust hittust allir umsjónarkennarar og ræddu um leiðir til að nýta niðurstöður *Lesfimi* til aðgerða. Ákveðið var að halda reglulega fagfundi íslenskukennara og er það mat íslenskukennara að fagfundir gagnist þeim til að rýna eigin störf og efla faglega vinnu.

Búið er að setja upp hillur í stofum hjá yngsta stigi til að gera aðgengi að bókum skemmtilegra. Enn er verið að vinna í skipulagi á slíku á miðstigi. Settar voru hillur í alrými/gangi með aðgengilegum bókum. Einn kennari les framhaldssögu fyrir bekkinn sinn sem hefur skilað mikilli bókagleði. Einnig voru lestrarsprettir í október og janúar. Til stendur að nýta leshringi á unglingastigi til að efla lestur.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Hugmyndir eru um að fá aðra en kennara til að hlusta og leiðrétta lestur svo kennari hafi frekar tíma í þá sem eru í virkilegri þörf fyrir kennslu. Umræður urðu um málið.

Helga Guðlaugsdóttir mætti inn á fund kl. 15:44.

Elvar Már Svansson mætti inn á fund kl 15:54.

Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir kom á fundinn kl. 15:55. Anna Greta kom á Teams 15:58.

5. Sameiginleg málefni - drög að skóladagatölum skólanna.

Lögð voru fram drög að skóladagatali Þjórskóla fyrir næsta skólaár. Skóladagatal Leikholts er í vinnslu og verður lögð áhersla á að starfsdagar verði samræmanlegir, eins mikið og hægt er, milli leikskóla og grunnskóla foreldrum til hagræðingar.

Sveitarstjóri og leikskólastjóri hafa undanfarið verið að vinna að tillögum til að breyta opnunartíma leikskólans í takt við það sem er að þróast hjá öðrum sveitarfélögum. Ef þessar tillögur verða samþykktar þá koma þær til með að vera birtar á skóladagatali leikskólans.

Umræður urðu um málið.

6. Sameiginleg málefni - skýrsla formanns s kólanefndar.

Vilborg Ástráðsdóttir, flutti skýrslu sína um störf formanns frá síðasta skólanefndarfundi. Í henni kom meðal annars fram að fylgst hefur verið grannt með störfum iðnaðarmanna í verknámshúsinu og hefur sem áður verið gott samtal milli allra um skipulag, smíði, innanstokksmuni og fleira því tengdu. Verið er að leggja lokahönd á uppröðun á innanstokksmunum og búnaði. Formaður sótti skólanefndarfund á Flúðum sem áheyrnarfulltrúi, fundargerð skólanefndar Hrunmannahrepps er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins sem og fylgiskjal með fundargögnum sveitarstjórnar ef einhver vill kynna sér málefnið betur. Formaður hefur átt í góðu og reglulegu samtali við skólastjóra Þjórskóla um faglega þætti í skólastarfinu og eru sammála um að draga fram og kynna fyrir skólanefnd á næsta fundi breytingarnar á Aðalnámskrá sem voru gerðar á síðasta ári og hvernig sú vinna hefur farið fram í skólanum. Einnig hefur verið rætt um að taka fyrir Mál og læsisstefnu skólans á næsta fundi og hvernig samstarf heimilis og skóla er varðandi nám barna.

Á 81.fundi sveitarstjórnar frá 17.desember sl. samþykkti Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps með fimm atkvæðum að bæta við akstri milli Árnes og Brautarholts í framhaldi af íþróttastarfi ásamt akstri milli Árnes og Brautarholt fyrir félagsmiðstöðina Zstart og sat formaður í gærdeg fyrsta fund samráðshóps um heimakstur eftir æfingar og eða seinkun á skólaakstri til að nýta ferðina. Á þeim fundi var lagt til að kanna aðstæður og vilja foreldra strax í næstu viku og funda að því loknu með fulltrúum ungmennafélaganna og fulltrúum foreldra. Það er mikið hagsmunamál fyrir foreldra að stytta þann tíma sem fer í akstur, sérstaklega ef hægt er að koma því við að nýta skólaaksturinn. Einnig er mikið hagsmunamál að sveitarfélagið bjóði upp á akstur á milli Árnes og Brautarholts fyrir félagsmiðstöðvarstarfið.

Að lokum er farið yfir tímasetningar á þeim fundum sem áætlaðir eru á vorönn. Næstu fundir eru áætlaðir 5. mars, 30 apríl og 28. maí.

Umræður urðu um málið.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

7. Málefni til kynningar - Orðsporið.

Formaður lagði fram erindi frá Önnu Ingadóttur, sérfræðingi í skólamálum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar tilnefningar til Orðsporsins 2026, sem eru hvatningarverðlaun leikskólans. Verðlaun eru veitt árlega á degi leikskólans þann 6. febrúar. Umsóknarfrestur er til 2. febrúar. Sveitarstjóra er falið að senda inn tilnefningu varðandi SI verkefnið í Leikholti.

Umræður urðu um málið.

8. Mál til kynningar - Úttekt á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Formaður lagði fram til kynningar skýrslu frá janúar 2026 um úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs, sem var unnin fyrir stjórn SVÁ. Skýrsluna unnu Gunnar Gíslason og Rúnar Sigþórsson hjá Miðstöð skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri. Jafnframt lagði formaður fram til kynningar fundargerð stjórnar SVÁ sem haldinn var í Laugarási þann 19. janúar sl.

Bókun frá leikskólastjóra:

Skýrslan setur fram verulegar efasemdir um skilvirkni og gæði þjónustunar. Þá bendir skýrslan til alvarlegs stjórnskipulags- og ábyrgðarvanda og almennt framkvæmdar- og aðgerðarleysis. Í heild benda gögn skýrslunnar til þess að kjarni vandans sé kerfislægur: skortur á virkri forystu og skilvirku skipulagi og takmarkaðri getu til að leiða skólana faglega.

Þegar slíkir þættir (leiðtogahættir, vinnumenning, framkvæmdakerfi og ábyrgð) eru hindrunin, er reynslan úr gæðastjórnun og umbótastarfi sú að „lagfæringar innan sama ramma“ skila oft litlum árangri nema róttæk endurhönnun fylgi – með nýrri stjórnunar- og framkvæmdarhefð, skýru umbótaferli og ábyrgð. Varðandi verktöku og aðkeypta þjónustu þá bendir skýrslan beinlínis til þess að verktaka sálfræðinga hafi ekki endilega lengt biðtíma eftir greiningum – mögulega þvert á móti. Ég tel því að aðkeypt sérfræðiþjónusta/verktaka geti einmitt verið gagnleg leið til að tryggja afhendingu og sveigjanleika. Meginvandi þjónustunnar liggur ekki sjálfkrafa í því formi.

Áskorun um nýja nálgun og nýja skólaþjónustu sem væri byggð upp á þremur skýrum og aðskildum hlutverkum, þar sem þungamiðjan er á skólamiðaða kerfisbundna skólaþjónustu með reglubundinni viðveru og þátttöku sérfræðinganna í skólastarfi.

1. Skólamiðað, kerfisbundið stuðningshlutverk:

Reglubundin og skipulögð viðvera sérfræðinga í skólastarfi í merkingunni að þjónustan vinni með starfsfólki skólanna að umbótum með handleiðslu, ráðgjöf, þjálfun í framkvæmd og uppbyggingu starfs- og kennsluhátta.

Stutt dæmi: Talmeinafræðingur eða sálfræðingur kemur inn í skólann á föstum dögum, fylgist með námsumhverfi og starfsháttum, greinir mynstur sem hafa áhrif á málþroska, lestur, hegðun eða líðan og vinnur með kennurum og stjórnendum að raunhæfum breytingum – með því að sýna og þjálfva aðferðir í framkvæmd, ekki einungis skila álitum um eitt afmarkað barn.

2. Ráðgjöf til sveitarstjórna og skólanefnda um lögbundið eftirlit og gæðatryggingu:

Skólaþjónustan á að styðja sveitarstjórnir/skólanefndir til að sinna betur lögbundnu hlutverki sínu um eftirlit með skólastarfi og að tryggja að framkvæmd samræmist lögum og reglugerðum. Stutt dæmi: Kerfisbundin yfirferð og leiðsögn vegna atriða eins og fjölda skóladaga í skóladagatölum, réttis kennslutímamagns og réttar dreifingar kennslustunda milli námsgreina, og samræmis milli áætlana og raunverulegrar framkvæmdar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

3. Einstaklings- og fjölskyldumál (afmarkað og markvisst – ekki þungamiðja): Þjónustan þarf einnig að geta sinnt einstaklingsbundnum málum þegar við á (t.d. teymisvinna, utanumhald, viðeigandi greiningar og stuðningsáætlanir), en mikilvægt að þetta verði ekki meginstarfsemi né dragi úr skólamiðaðri þjónustu sem bætir kerfið og forvarnir. Einstaklingsmál eiga að vera skýrlega afmörkuð og ættu að færast og vinnast jafnvel meira innan velferðarþjónustunnar fremur en að vera kjarni skólaþjónustu.

Ályktun leikskólastjóra:

Með hliðsjón af ofangreindu er ekkert í úttektinni sem bendir til annars en að endurreisa þurfi skólaþjónustuna frá grunni með nýju leiðtogaþeymi, markvissri nýliðun og með skýra sýn á skólamiðaða og kerfisbundna skólaþjónustu.

Það er gríðarlega mikilvægt að þrátt fyrir fyrri tilraunir hafi ekki skilað tilætluðum árangri stöðvi okkur ekki í að endurreisa þjónustuna enn og aftur frá grunni. Við verðum að vera einsett í að gera það eins oft og þurfa þykir til að ná markmiðum okkar um að reka hér landsins bestu skóla – enda er ávinningurinn fyrir börn, fjölskyldur og samfélagið einfaldlega of mikilvægur til að gera neitt annað.

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Ingibjörg María Guðmundsdóttir yfirgáfu fundinn.

Skólanefnd tekur undir bókun leikskólastjóra og vill koma því áleiðis að skilvirk og fagleg skólaþjónusta sé afar mikilvæg fyrir skólasamfélagið og að í lögum um skólaþjónustu sé tilgangurinn og markmiðin skýr. Jafnframt hafi komið fram í máli skýrsluhöfundar hver grundvallar tilgangur skólaþjónustu sé. Skólanefnd leggur ríka áherslu á að taka höndum utan um SVÁ, sjálfrar hennar vegna og skólasamfélagsins alls.

Skólanefnd beinir því til stjórnar SVÁ að gefa skólasamfélaginu og sveitarstjórnunum tækifæri á að taka skýrsluna til umfjöllunar áður en tekin verði ákvörðun um áframhaldandi fyrirkomulag.

Umræður urðu um málið.

9. Málefni Leikhólts - skýrsla skólastjóra

Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri greindi frá starfinu í Leikholti frá síðasta skólanefndarfundum.

Búið er að koma á tveggja deildarstjóra fyrirkomulagi á efstu deildinni. Gígja Sigurðardóttir tók til starfa sem deildarstjóri á efstu deild núna í janúar. Börnin í Leikholti eru orðin 50 talsins og verða 53 í lok skólaársins. Mikill fjöldi er á yngstu deildinni. Í auglýsingu er nú starf leikskólakennara en einn starfsmaður Leikhólts hefur ráðið sig til starfa í Þjórsárskóla og tveir starfsmenn eru á leiðinni í fæðingarorlof. Sveitarstjóri og leikskólastjóri eru sameiginlega að vinna að tillögum að breyttu fyrirkomulagi leikskólaþjónustu í sveitarfélaginu.

Umræður urðu um málið.

10. Fundi slitið

Fleira var ekki gert. Formaður sleit fundi kl. 17.30.

Undirritunarsíða

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson



Undirritað af:
Bjarni Hlynur Ásbjörnsson
1405624329
Dags: 29.01.2026
Tími: 18:34:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9e5430b8-
514a-4da3-a9b8-
dd928ee7b502

Bjarni Másson



Undirritað af:
Bjarni Másson
3006833559
Dags: 29.01.2026
Tími: 19:19:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9e5430b8-
514a-4da3-a9b8-
dd928ee7b502

Vilborg María Ástráðsdóttir



Undirritað af:
Vilborg María Ástráðsdóttir
0408754769
Dags: 30.01.2026
Tími: 11:12:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9e5430b8-
514a-4da3-a9b8-
dd928ee7b502

Ingvar Hjálmarsson



Undirritað af:
Ingvar Hjálmarsson
2206763749
Dags: 30.01.2026
Tími: 07:43:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9e5430b8-
514a-4da3-a9b8-
dd928ee7b502